

Reykjavík, 24. apríl 2023

Efni: Fjölmeningarþing 2023 - vinnufundur fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar og sendiherra Breiðholts – Niðurstöður.

Inngangur

Þann 29. mars 2023 hélt fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar sameiginlegan vinnufund með sendiherrum í Breiðholti. Fundurinn var haldinn í Fjölskyldumiðstöðinni Gerðubergi í Breiðholti og hófst kl. 17:00. Í fundinum tóku þátt Magnea Gná Jóhannsdóttir, Helgi Áss Grétarsson, Milan Chang Gudjonsson og Shelagh Smith fyrir hönd fjölmeningarráðs og Maria Sastre, Karim Askari, Innocentia Fridgeirsson, Marta Wiczorek, Tetiana Korolenko, Sabit Veselaj, Mirela Protopapa, Iryna Hordienko, Marius Bora, Jóhannes Guðlaugsson og Þráinn Hafsteinsson sem fulltrúar Sendiherra verkefnisins í Breiðholti. Fundurinn var haldinn á ensku.

Um Sendiherra verkefni í Breiðholti

Sendiherra verkefnið hefur verið í þróun síðan 2021. Markmið verkefnisins er að skapa vettvang fyrir samstarf við íbúa af erlendum uppruna, að efla aðgang erlendra íbúa að upplýsingum og þar með þjónustu og samfélagsþróun innan hverfisins og að tryggja að þau fái tækifæri og vettvang til að koma á framfæri sínum skoðunum og hugmyndum sem og upplýsingum til starfsmanna Reykjavíkurborgar. Í hópnum eru fulltrúar sem tala albönsku, arabísku, spænsku, tælensku, pólsku, rúmensku, litháísku, úkraínsku og fulltrúar frá Gana, Kenía og Nígeríu.

Fjölmeningarþing 2023

Fjölmeningarþing Reykjavíkurborgar var haldið á tveggja ára fresti frá 2010 til 2018. Vegna COVID heimsfaraldurs þurfti að hætta við þing 2020 og enn hefur ekki náðst að koma þinginu aftur á dagskrá. Niðurstöður fyrri þinga má finna á [vef Reykjavíkurborgar](#). Meginmarkmið þingsins er að skapa vettvang þar sem innflytjendur í borginni geta rætt hin ýmsu málefni sem snerta innflytjendur og þannig miðlað sinni upplifun og reynslu.

Tilgangur og fyrirkomulag vinnufundar

Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar, sem ber ábyrgð á undirbúningi þings, ákvað að halda sameiginlegan fund með fulltrúum sendiherra verkefnisins til að skapa vettvang umræðu og heyra raddir og hugmyndir beint frá innflytjendum. Fundurinn var vel sóttur og á honum sköpuðust áhugaverðar umræður.

Tilgangur vinnufundar var að fá fram hugmyndir, áherslur og markmið sem fulltrúar Sendiherra verkefnisins vilja að höfð verði til hliðsjónar við skipulagningu fjölmeningaþings Reykjavíkurborgar næsta haust. Þátttakendum var skipt í tvo umræðuhópa og þurftu að svara 5 spurningum um fyrirkomulag fjölmeningarþings:

- 1.) Hver eru tækifæri og áskoranir fyrir innflytjendur í Reykjavík?
- 2.) Hvað er markmið með Fjölmeningarþingi? Hvað eru þínar væntingar?
- 3.) Fyrir hvern er Fjölmeningarþing?
- 4.) Hvaða umræðuefni á að vera á Fjölmeningarþingi? Ertu með hugmynd um nafn/slagorð?
- 5.) Hvað viltu sjá á dagskrá Fjölmeningarþings?

Til að byrja með var spurt almennt um tækifæri og áskoranir fyrir innflytjendur í Reykjavík.

Samantekt niðurstaðna

Hér er hægt að lesa niðurstöður vinnufundar. Myndir sýna MindMap með svörum þátttakanda á ensku, en samantekt í texta er á íslensku.

Hver eru tækifæri og áskoranir fyrir innflytjendur í Reykjavík?

Þátttakendur vinnufundar sáu fleiri áskoranir en tækifæri fyrir innflytjendur í Reykjavík. Aðallega var nefnt að Reykjavík er góður og öruggur staður til að ala upp börn, með gott skólakerfi og fjölbreyttar frístundir. Mikil tækifæri felast í því að byrja lífið upp á nýtt, læra nýtt tungumál og fara úr sínum þægindaramma. Það er auðvelt að stofna hér eigin rekstur og fá vinnu en ekki endilega samkvæmt áhuga og eða menntun.

Áskoranir eru miklu fleiri samkvæmt fundargestum. Langflestir nefndu tungumálið íslensku sem aðal áskorun. Það er erfitt að tala og læra íslensku en líka hafa samskipti á íslensku.

Aðgengi að upplýsingum telst líka mikil áskorun – bæði var talað um skort á upplýsingum sem eru oft bara á íslensku og um rangar upplýsingar. Það vantar skýrar og einfaldar upplýsingar um meðal annars skatta, heilbrigðiskerfi, skólakerfi, lög, um réttindi og skyldur íbúa.

Vinna þarf að inngildingu og viðhorfi Íslendinga til innflytjenda. Það má skilja á svörum að nokkrir þátttakendur upplifðu að vera öðruvísi í samfélaginu vegna uppruna, menningu og trúarbragða. Sum nefndu að það er erfitt að eignast íslenska vini og að þau upplifa að þeim sé öðruvísi tekið.

Húsnæðismál voru nefnd sem stór áskorun fyrir innflytjendur. Það er erfitt að finna húsnæði, jafnvel erfiðara en á öðrum stöðum á Íslandi. Síðast en ekki síst var talað um atvinnumarkað og helst að það sé erfitt að finna vinnu sem samræmist reynslu og menntun frá heimalandi þeirra.

Hvert er markmið með Fjölmenningsþingi? Hvað eru þínar væntingar?

Meginmarkmið Fjölmenningsþings er samkvæmt þátttakendum vinnufundar að byggja brýr fyrir alla í samfélaginu sem mun á endanum bæta samfélagið og kerfi þess fyrir öll. Best væri að einbeita sér að því sem Reykvíkingar eiga sameiginlegt frekar en það sem aðgreinir hópa í samfélaginu.


Það er mikilvægt að skapa vettvang fyrir samskipti á milli innflytjenda og stjórnmalamanna bæði frá sveitafélagi og ríkinu sem bera ábyrgð á stefnumótunavinnu. Það vantar mikið traust til stjórnvalda. Fundargestir vona að þingið verði fyrstu skref til að finna leiðir sem hjálpa til við að leysa þær áskoranir sem innflytjendur standa frammi fyrir á Íslandi.

Þátttakendur vilja sjá umbætur í kjölfar fjölmenningsþings. Þau vilja upplifa að þau hafi áhrif og að það sé verið að hlusta á þau. Þingið þarf að hafa skýr markmið sem stuðla að breytingum.

Þingið á að vera upplýsandi bæði fyrir innflytjendur en líka Íslendinga um upplifun og áskoranir innflytjenda. Það er mikilvægt að vera einnig með skemmtiatriði og viðburði sem leyfa öllum íbúum að upplifa fjölmenningu í Reykjavík. Upplýsandi og skemmtilegur dagur sem fagnar fjölmenningu í Reykjavík.

Mikilvægt er að skapa tækifæri fyrir íbúa til að deila sínum hugmyndum og taka þátt í samtali um samfélagið. Skoða þarf hvar eru tækifæri til að bjóða þeim hópum innflytjenda sem taka síður þátt í umræðunni.


Á þinginu vilja sendiherrar nota tækifærið að koma á framfæri upplýsingum um verkefni í Breiðholti og mögulega fá fleiri úr hópi innflytjenda í hóp sendiherra.



Mynd 1. Hvað er markmið með Fjölmenningsarþingi?

Fyrir hvern er Fjölmenningsarþing?


Fjölmenningsarþing er viðburður fyrir alla íbúa óháð uppruna í Reykjavík. Þátttakendur vinnufundar voru sammála um að þingið sé til þess að skapa umræðuvettvang fyrir innflytjendur og Íslendinga. Meðal annars voru nefndir úr hópi þeirra fulltrúar stofnana, stjórnámálmenn á ríkis og sveitarstjórnarstigi, kennarar, félagasamtök innflytjenda, túlkar og þýðendur. Sérstaklega var talað um að bjóða fólki sem eru opinberlega á móti innflytjendum.



Mynd 2. Fyrir hvern er Fjölmenningsarþing?

Hvaða umræðuefni á að vera á Fjölmenningsarþingi? Ertu með hugmynd að nafni/slagorði?

Umræða og þema fjölmenningsarþings ætti að horfa á það sem fólk á sameiginlegt í fjölmennings samfélagi frekar en það sem aðgreinir. Það er mikilvægt að finna leiðir og lausnir á áskorunum innflytjenda. Þau umræðuefni sem þátttakendur vinnufundar nefndu má skipta í 4 flokka: fjölmenningsarsamfélag, menntun, byggja brýr í samfélaginu og inngilding. Sjá nánar mynd 3.



Mynd 3. Tillögur um umræðuefni á Fjölmenningsarþingi 2023

Á myndinni 4 má finna tillögur um fyrirsögn/slagorð Fjölmenningsarþings.



Mynd 4. Hugmyndir um fyrirsögn/ slagorð Fjölmenningsarþings.

Hvað viltu sjá á dagskrá Fjölmenningsþings?


Þátttakendur vinnufundar sjá fyrir sér tveggja daga viðburð sem skipt er í tvennt. Annarsvegar í fræðslu og samráðshluta og hinsvegar skemmtiatriði og tónleika sem endurspegla fjölbreytni í Reykjavík.

Í umræðu um fræðsluhluta þingsins talað var um að mikilvægt sé að hafa á dagskrá bæði fyrirlestrar og umræður sem taka á mismunandi sjónarhornum. Fyrirlestrar þurfa að vera upplýsandi og helst á fleiri tungumálum þar sem fólk gæti notað sitt eigin móðurmál. Gott væri að bjóða sérfræðingum frá útlöndum sem gætu haft innlegg í þróun málefna innflytjenda á Íslandi. Hér eru tillögur um efni á dagskrá þingsins:

- kynning á verkefni Reykjavíkurborgar Welcome to Reykjavik
- um stefnur og lög á Íslandi sem varða innflytjendur
- hvetjandi fyrirlesarar
- fyrirmýnda verkefni frá öðrum löndum (best practice)
- tölulegar upplýsingar um innflytjendur
- vinnustofur og umræður
- kynningar frá félagasamtökum innflytjenda og flóttafólks
- jákvæðar sögur innflytjenda – fyrirmyndir
- upplýsingar um heilbrigðiskerfi, skólakerfi

Tillögur um skemmtidagskrá:

- tónlist og dans
- upplýsingatorg
- listasýning



Mynd 5. Tillögur um dagskrá fjölmenningsþings 2023.